



Nýsköpun og samfélagsþróun

Vinnustofa um nýsköpun, seiglu, útsjónarsemi, greinandi- og skapandi hugsun hjá stofnunum, félögum og fyrirtækjum sem vinna að samfélagsþróun

Símenntun Háskólans á Bifröst í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Einurð ehf. bjóða upp á eins dags námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur um hvernig auka megi nýsköpunarvirgni í hverslags starfsemi sem unnin er í þágu samfélagsins. Námskeiðið var þróað í FIERE verkefninu sem stýrt er af Tipperary Council á Írlandi og Einurð (www.einurd.is) tekur þátt í. Sambærileg námskeið verða tilraunakennd í Portúgal, á Ítalíu, í Búlgaríu, á Írlandi og Grikklandi haustið 2015.

Námskeiðið skiptist í þrjár vinnustofur:

1. Sköpunarkraftur og nýsköpun
2. Greinandi hugsun og útsjónarsemi
3. Leiðtogahæfni og seigla

Hver vinnustofa hefst með stuttum fyrirlestri þar sem farið er í skilgreiningar á hugtökum og tekin dæmi um verkefni og breytingaferla byggt á „case studies“ sem unnar voru í FIERE verkefninu. Í kjölfarið munu þátttakendur taka þátt í hópa- og verkefnavinnu sem felst m.a. í því að greina möguleg breytinga- og nýsköpunarverkefni tengd vinnustað sínu eða félagsskap.

Markmið námskeiðsins er tvíþætt, annarsvegar að efla starfsmenn eða félagsmenn og hinsvegar að stuðla að þátttöku þeirra í breytinga- og nýsköpunarferlum með það að markmiði að stuðla að samfélagsþróun og bættri þjónustu.

Kennarar á námskeiðinu eru Signý Óskarsdóttir og Stefanía G. Kristinsdóttir:

Signý Óskarsdóttir er með meistaragráðu í menningarstjórnun. Hún hefur mikla reynslu af fræðslumálum, gegnt ýmsum stjórnunarstörfum, sinnt gæðamálum og setið í ráðgjafaráði um gæðamál háskóla. Hún hefur stýrt bæði þróunarverkefnum, umbótavinnu á háskólastigi og alþjóðlegu samstarfi. Meðal áhugasviða hennar eru stjórnun og skapandi samfélög.

Stefanía G. Kristinsdóttir er framkvæmdastjóri Einurðar ehf sem tekur m.a. þátt í FIERE verkefninu sem snýr að Nýsköpun og samfélagsþróun. Stefanía hefur margvíslega reynslu af verkefnum tengdum fræðslumálum, byggðaðróun, nýsköpun og alþjóðlegu samstarfi.

Námskeiðið hentar sérstaklega vel sem starfsdagur hjá stofnun, sveitarfélagi, fyrirtæki eða félagi sem liður í stefnumótun eða breytingaferli.